

Bræðurnir
Snorri og Benedikt Jónssynir
frá
Þverá í Laxárdal

~ Nokkrar skemmtisögur ~

Már Viðar Másson
tók saman
1998

Formáli

Sögurnar sem hér birtast af Þveræingum er fyrst og fremst safnað saman til fróðleiks og skemmtunar fyrir ættingja þeirra og venslamenn. Sögurnar eru fengnar úr ýmsum áttum, en í þeirri útgáfu sem þær birtast hér eru þær á ábyrgð undirritaðs. Ég geri nokkra grein fyrir því í eftirmála hvernig ég valdi sögurnar. Númer á eftir sögunum vísa til undirkafla í eftirmála.

Örlítil ættarsaga

Því má bæta við hér að árið 2006 var ítarlegri ættarsaga komin á netið. Það skaðar þó ekki að hafa þetta ágrip hér, enda tengist það sögunum. Sjá <http://www.simnet.is/marvidar>

Börn **Jóns Jóakimssonar** (1816-1893) trésmiðs, hreppstjóra og kirkjubónda á Þverá í Laxárdal og konu hans **Herdísar Ásmundsdóttur** (1816-1860) frá Sigurðarstöðum í Bárðardal eru talin upp hér að neðan með númer 1-6. Þá er ótaldir Benedikt sem fæddist og lést árið 1845 og Páll sem fæddist og lést árið 1856.

Eftir lát Herdísar átti Jón Skafta með Sigríði Árnadóttur (1821-1907) ekkju Gísla Gíslasonar (1797-1859) í Skörðum (frá Brettingsstöðum). Sjá nr. 7 að neðan.

Seinni kona (1866) Jóns Jóakimssonar var **Bergljót Guttormsdóttir** (um 1834-um 1899) frá Héraði. Hún hafði með sér að austan Halldóru bróður dóttur sína sem giftist Jóni, númer 6 að neðan. Jón og Bergljót áttu ekki börn saman, en í hópinn bættust stjúpbörnin Páll, Bergljót og Herdís sbr. nr. 8-10 að neðan.

Þverár dýra fleytir frón,
fjár óryrum grúa.
Vel þar býr að sögn og sjón,
sveitarstýrir, hygginn Jón. ⁽¹⁶⁾

1. **Benedikt** (1846-1939) bóndi á Auðnum, hreppstjóri, þjóðmálaskörungr og bókavörður. Benedikt kemur við sögu hér. Kona hans var Guðný Halldórsdóttir (1845-1935) frá Geitafelli og Grenjaðarstað. Hún var hin merkasta kona. Börn:
 - *Herdís* (1871-1958) var að mestu alin upp hjá Jóni afa sínum og Bergljótu konu hans. Giftist (1891) Jóni Helgasyni á Hamri í Laxárdal. Þau áttu 8 börn.
 - *Hildur* (1875-1968) giftist (1894) Jóni Péturssyni. Þau bjuggu á Auðnum og síðar Benedikt sonur þeirra. Jón Benediktsson (1946), sonarsonur Hildar, er nú bóndi á Auðnum. Hann kemur við sögu hér.
 - *Aðalbjörg* (1879-1964) húsmóðir á Húsavík. Hún giftist Jóni Baldvinsyni frá Garði, bróður Sigurðar, manns Bergljótar. Þau hjón voru systkinabörn. Sonur þeirra var Benedikt listmálari (Bubbi í sögu Stefáns Jónssonar).
 - *Unnur* (Hulda skáldkona) (1881-1946) og maður hennar Sigurður Sigfússon, kaupfélagsstjóri KÞ, tóku upp ættarnafnið Bjarklind árið 1920.
 - *Bergljót* (1883-1960) húsmóðir í Garði í Aðaldal. Hún giftist Sigurði Baldvinsyni. Þau voru systkinabörn. Baldvin sonur þeirra kemur við sögu hér.

2. **Guðný** (1847-1943) húsmóðir í Garði í Aðaldal. Maður hennar var Baldvin Sigurðsson bóndi þar. Hann var frá Hálsi í Kinn. Börn:
 - *Jón* kvæntist Aðalbjörgu Benediktsdóttur frænku sinni.
 - *Sigurður* kvæntist Bergljótu Benediktsdóttur frænku sinni. Þau bjuggu í Garði.
 - Þeirra synir eru m.a. Baldvin (1906), Heimir (1907) og Benedikt (1909).
 - *Benedikt* var faðir Guðnýjar (1917) húsfreyju í Garði og hér kemur við sögu.
3. **Aðalbjörg** (1849-1940) húsmóðir á Vallakoti og Ljótsstöðum. Maður hennar (1885) var Hólmgeir Þorsteinsson bóndi þar og oddviti í Reykdælahreppi. Börn:
 - *Gissur* (1887-1973) bóndi í Vallakoti.
 - *Glúmur* (1889-1988) bóndi í Vallakoti. Kvæntist Sigrúnu Friðriksdóttur. Dóttir þeirra er Þorgerður, en hún kemur við sögu hér.
4. **María** (1852) húsmóðir í Reykjahlíð. Maður hennar var Sigurgeir Pétursson bóndi þar. Þau fóru til Ameríku 1893.
5. **Snorri** (1854-1928) bóndi á **Þverá** og hreppstjóri eftir að Benedikt fluttist til Húsavíkur. Hann kemur við sögu hér. Kona hans var Aðalbjörg Jónasdóttir (1854-1907) frá Laxamýri. Börn:
 - *Páll* (1885-1965) bjó með bræðrum sínum á Þverá.
 - *Jón* (1886-1945) bjó með bræðrum sínum á Þverá.
 - *Áskell* (1888-1970) bjó fyrst með bræðrum sínum á Þverá, en var frá árinu 1922 kennari og söngstjóri á Akureyri. Flutti til Reykjavíkur 1962.
 - *Jónas* (1891-1973) bóndi á **Þverá**. Kvæntist (1928) frænku sinni Höllu Jóns-dóttur (1897-1987) frá Auðnum, en hún var dóttir Hildar Benediktsdóttur. Börn:
 - *Aðalbjörg* (1928) gift (1956) Bergsteini Gunnarssyni í Kasthvammi.
 - *Hildur* (1930) býr með Jóni Péturssyni í Árhvammi. Þau eru systkinabörn. Bróðir Jóns er Hallgrímur sá er gerði bókina *Laxdæli* og þetta efni er sótt í.
 - *Sigrún* (1932) húsmóðir á Þverá.
 - *Snorri* (1934) býr í Hafnarfirði.
 - *Jón* (1935-1998) bóndi og hreppstjóri á Þverá. Jón kemur við sögu hér.
 - *Áskell* (1938) bóndi á Þverá.
 - *Páll* (1940) sjúklingur frá barnæsku og dvelur á Akureyri.
6. **Jón** (1860-1940) Þveræingur flutti til Reykjavíkur árið 1898 með konu sinni Halldóru Sigurðardóttur (1867-1957) frá Kollstaðagerði á Völlum á Héraði. Jón kemur við sögu hér. Börn þeirra hjóna notuðu ættarnafnið Víðis frá árinu 1918:
 - *Auður Víðis* (1892-1980) giftist Sigurði Sigurðssyni. Húsmóðir í Reykjavík.
 - *Jón J. Víðis* (1894-1975) landmælingamaður sótti ættarnafnið Víðis til hólmanns Víðis í Laxá, en þangað reið hann í tvígang með Þverármönnum.
 - *María Víðis* (1895-1982) giftist Þorvaldi Tómasi Bjarnasyni kaupmanni í Hafnarfirði. Höfundur er dóttursonur Maríu.
 - *Sigríður Víðis* (1897-1991) giftist Jóhanni Skaptasyni sýslumanni á Patreksfirði og Húsavík. Halldóra móðir Sigríðar og Bergljót móðir Jóhanns voru systur.
 - *Þórný Víðis* (1904-1955) giftist Hálfdani Eiríkssyni, en móðir hans var Jakobína Jakobsdóttir á Brettingsstöðum. Þórný var húsmóðir í Reykjavík.Hulda skáldkona sendi Jóni Þveræingi þetta ljóð á 79 ára afmælisdegi hans:

Við frið þess manns, er löngu starfi lýkur,

þú lifðir, frændi kær.
 Hinn iðna og trúa ellihvöld ei svíkur,
 hann englum dvelur nær.
 Hvern dag, sem eftir áttu að búa hér,
 þig ást og gleði beri á höndum sér. ⁽¹⁶⁾

7. **Skafti** (1861-1950) var sonur ráðskonunnar Sigríðar Árnadóttur eins og áður segir. Hann var ókvæntur og barnlaus og bjó lengst af hjá systur sinni í Garði. Garðar Jakobsson segir Skafta hafa verið afbragðsgóðan fjármann og trúan sínu starfi. Skafti þolir því vel að sögð sé svolítill saga tengd honum. Sagt er að Jón Jóakimsson hafi verið að því spurður hví drengurinn hétu Skafti; hvort nafnið væri í ættinni? Jón: "Nei, nei, en þetta er mesta axarskaft sem eg hefði gert!"
- Eitt sinn ræddu þeir um suðvestan hvell sem gert hafði nokkru áður Skafti og Jón á Einarstöðum. Skafti sagði Jóni frá því að hann hebbði verið svo hvass að járnkarl hefði tekist upp af hlaðinu í Garði og stungist síðan á kaf þegar hann kom niður og kengbognað. Jón lét sér ekki bregða við þetta, heldur sagði að þetta mundi hafa verið veðrið þegar dráttarklárinn fauk fyrir honum úr aktygjunum heima á Einarstöðum. ⁽¹⁵⁾
- Hallgrímur Pétursson vill reyndar láta Sigurð Baldvinsson í Garði hafa átt í þessu stappi við Jón á Einarstöðum. Þannig segir hann Heimi Sigurðsson hafa sagt söguna. Þetta sagði mér Hallgrímur.
- Í bókinni Laxdælir er birt fallett ljóð Arnórs Sigmundssonar sem hann kvað um Skafta látinn. Fyrsta erindi af þremur er svona:

Hér kveðjum vér næstum því níráðan höld,
 sem nú hafði með oss gengið
 í Aðaldal hér um bil hálföld
 og hreinan og flekklausan borið skjöld.
 Hann aldrei var kenndur við veraldarvöld,
 en vinsældir hafði hann fengið. ⁽¹⁶⁾

8. **Páll Stefánsson** (1869) var uppeldissonur Jóns og Bergljótar. Hann var bróður-sonur Bergljótar. Móðir hans var Jóhanna Pálsdóttir. Páll kvæntist Fríðu Proppé. Hann byggði húsið Þverá við Laufásveg í Reykjavík. Hann flutti inn Fordbíla.
9. **Bergljót Tómasdóttir** (1873-1948) var uppeldisdóttir Jóns og Bergljótar. Hún var dóttir Tómasar Halldórssonar og konu hans Sigurbjargar Kristjánsdóttur frá Kasthvammi. Þau áttu 11 börn. Sum dóu ung, en önnur fóru til Ameríku með móður sinni eftir lát Tómasar. Nema Bergljót sem giftist Birni Blöndal presti í Hvammi í Laxárdal í Skagafirði Lárussonar Blöndals sýslumanns.
10. Áður er minnst á að **Herdís Benediksdóttir** ólst upp hjá afa sínum á Þverá.

1. Er ekki meðhjálpari viðlátinn?

Á fyrri búskaparárum sínum bjó Snorri Jónsson á Öndólfstöðum í Reykjadal. Þá var það að Hallgrímur biskup vísiteraði á Einarstöðum. Snorri var við messu. Þegar biskup stígur í stólinn og hyggst hefja prédíkun tekur krakki til að hrína og hefur hátt. Biskup spyr: "Er ekki meðhjálpari viðlátinn?" Sá gefur sig fram. "Hjálpið þér konunni og barninu út svo við

getum haldið áfram með guðspjónustuna." Þá snéri Snorri sér að sessunaut sínum og sagði stundarhátt: "Nú! hann er ekki líkur Kristi þessi, því Kristur sagði "leyfið börnunum að koma til mín, en bannið þeim það ekki," en þessi segir "farið þið út með konuna og barnið!" (1, 4, 5, 12)

2. Eg þarf að fara að djöflast í klukkunum!

Guðrún Erlendsdóttir húsfreyja á Brettingsstöðum, fremsta bæ í Laxárdal, átti langa kirkjugöngu. Eitt sinn fór hún til messu norður í Þverá með Hákonu syni sínum Jónssyni sem þá var á barnsaldri. Þau komu í seinna lagi og var kirkjan þá fullskipuð. Hákon segir þannig frá: "Það var mín fyrsta kirkjuferð. Ég man hve mér þótti kirkjan falleg að innan, en presturinn feitur. Við mamma sátum aftast í

kirkjunni. Þegar Snorri með-hjálpari kom í messulokin til að hringja þá laut hann að mömmu og hvíslaði: "Eg verð víst Guðrún mín að ónáða ykkur aðeins. Eg þarf nú að fara að djöflast í þessum klukkum. Og ekki veit eg nú hvað sá leikaraskapur á að þýða!"

(12. Sagan er með svólítið breyttu orðalagi í heimildum 2, 4 & 5)

3. Hökul, helvítis tuska!

Eitt sinn riðu þeir út með Laxá séra Hermann Hjartarson á Skútustöðum og Sigurgeir Jónsson bóndi á Helluvaði. Þeir hitta Snorra að veiðum þar við ána, stíga af baki og taka hann tali. Þeir fara svo að skoða veiðarfæri hans og dáðust mjög að flugunni, því þeir Þverármenn voru öllum mönnum vandvirkari við slíka iðju. Þá spurðu þeir hvar hann

hefði fengið efnið í fluguna. "Það er nú saga að segja af því" svaraði Snorri. "Þegar Jón bróðir var á Möðruvöllum fundu strákar hökul, helvítis tusku, fram á kirkjulofti og Jón stal honum og þaðan er nú efnið komið." Og þegar Hermann sagði þessa sögu bætti hann við: "Sigurgeir á Helluvaði ofbauð alveg." (1, 4, 5)

4. Þá komast fáir til himna

Friðrik hét maður Jónsson og bjó í Skógarseli. Hann var faðir Sigurgeirs þess er stofnaði Alþýðubókasafnið í Reykjavík sem nú mun heita Borgar-bókasafnið. Friðrik þessi var dugandi bóndi og talinn mjög grandvar. Á gamals aldri flytur hann til dóttur sinnar og tengdasonar sem bjuggu í Holtakoti í Ljósavatnshreppi. En þá var kjarkurinn farinn að bila og hann farinn að hugsa

um sálarheill sína. Nú kemur Snorri í Holtakot og taka þeir tal saman og fer Friðrik að kvarta um það að hann hafi verið svo vondur maður að það sé allt eins líklegt að hann lendi á verri staðnum. Þá segir Snorri: "Ja, eg veit ekkert um þetta, en hitt veit eg að það verða þá ekki margir sem lenda í himnaríki."

(4, 5)

5. Það var þurrkur þennan dag

Þeir voru oft seinir með heyverkin Þverárfeðgar og miklu þurrkvandari en almennt var og dróst því heyskapur stundum langt fram á haust og jafnvel fram á vetur. Það var eitt sinn að Snorri kemur í Holtakot að haustlagi og hittir

Jón: Hafið þið lokið heyskap á Þverá?

Snorri: Nei, nei, nei. Það eru nú langir vegir frá.

Jón: Nú, þið eruð þó líklega búnir að hirða túnið!

Snorri: Ekki er það nú alveg, en eg vonast nú til að það verði í dag.

Jón: Eg hefði orðið vitlaus.

Snorri: Nja, til hvers væri það?

þar Jón bónda Jónsson. Það var aftur með Jón að hann var hinn mesti ákafamaður við heyskap og byrjaði á undan flestum og lauk honum á undan öðrum. Það var þurrkur þennan dag:

(1, 4, 5)

6. Hvað heitir blómið?

Þessa sögu segir Baldvin Sigurðsson til vitnis um áhuga Snorra og sona hans á náttúrufræði.

Það var eitt sinn að verið var að taka saman hey á Þverá, því rigning var í aðsigi. Þá vill svo til að einn sona Snorra tekur upp blóm úr heyinu og segir: "Þetta blóm hef eg hvergi séð nema í Þeistareykjalandi." Þá segir Snorri: "Hvaða helvítis vitleysa er þetta,

strákur. Þetta er hér á öðrum hverjum lækjar-bakka." Nú var tekið til að þrátta og þrefa um það hvorir hefðu rétt. Karl fór að fræða sonu sína og þar með gleymdist öll samantekt og heyið rigndi eins og verkast vildi.

(6)

7. Hvað sástu af fjallinu?

Baldvin Sigurðsson: "Þótt Snorri afabróðir minn væri vanstilltur á stundum og ætti það til að taka nokkuð stórt til orða, gat hann líka mjög auðveldlega fyrirgefið mönnum ýmsar yfirsjónir, einkum ef náttúruskoðun var annars vegar." Sagan er næstum orðrétt höfð eftir hér:

Einu sinni var Snorri í kaupstaðarferð á Húsavík með Páli syni sínum og geymdu þeir hesta sína í girðingu utan við þorpið. Gistu þeir hjá Unni og Sigurði Bjarklind.

Þegar Snorri hafði lokið erindum sínum og var ferðbúinn sendi hann Pál eftir hestunum. Þetta var að morgni, því upp að Þverá er minnst fimm tíma lestargangur frá Húsavík, þótt farin sé skemmsta leið. Nú líður dagurinn og ekki kemur strákur með hestana, en karl öldungis orðinn umsnúinn af bræði. Sigurður hélt að eitthvað hefði komið fyrir piltinn og vildi að þeir forvitnuðust um ferðir hans. Ekki taldi Snorri þess neina þörf - sagði að drengur væri gætinn og athugull og ólíklegur til að fara sér að voða.

Það er svo ekki að orðlengja það að loks þegar komið er fram undir kvöld kemur strákur með hestana, en faðir

hans orðinn hvítglóandi, eins og fleiri hefðu nú víst verið í hans sporum, og í upplögðu ástandi til að láta nú dembuna dynja á kauða. Veður hann nú á móti syni sínum og segir með ógnandi röddu: "Hvern andskotann hefurðu verið að gera allan þennan tíma?" Þá svarar Páll sonur hans ósköp rólega: "Eg skrapp hérna upp á Húsavíkurfjallið því eg hafði heyrt að það væri fallett útsýni þaðan og eg bjóst varla við því að fá tækifæri til þess í bráð ef eg gerði það ekki núna." "Hvað sástu svo?" spurði faðir hans og á samri stundu var honum horfin öll bræði og ekkert eftir nema vökul forvitni náttúruskoðarans.

Er svo ekki að orðlengja það að þeir feðgar töluðu nú saman í mesta bróðerni um útsýnið af Húsavíkurfjalli og varð ekki meira úr hirtingu.

(6. Sjá 12)

8. Sérðu ekki að eg er að lesa?

Aðalbjörg kom að Snorra bónda sínum lesandi inni í stofu um hábjargræðistímamann. Hún segir þá við hann: "Ætlarðu ekki að fara að dreifa? Það er farið að dreifa á öðrum bæjum!" Þá segir Snorri: "Æi, eg er bara að bíða eftir því að jörðin hitni!" ⁽⁷⁾

9. Fríður flokkur

Sigtryggur á Hallbjarnarstöðum í Reykjadal átti níu börn. Það var vinátta milli hans og Snorra á Þverá. Eitt sinn ríður Sigtryggur í hlað á Þverá með allan barnaskarann. Þá verður Snorra að orði: "Fyrr má nú vera stefnuvargurinn!" ⁽⁷⁾

10. Að vaða uppí hundskjaf

Benedikt á Auðnum gaf Snorra ekkert eftir í því að vera stórorður. Eitt sinn átti að fara að hefjast fundur í þinghúsinu á Breiðumýri og menn voru að safnast þar saman. Þá segir einhver fundarmanna: "Þarna er þá Snorri á Þverá að koma." Benedikt var þar inni í sal og segir: "Já, eg ætla að fara og heilsa upp á hann" og fer út á þinghúströppurnar til að fagna bróður

Benedikt: Hvern andskotann ert þú að vaða upp í hundskjafna hér?

Snorri (heldur um hendina): Hvernig átti mér að detta í hug að andskotans hundurinn hefði kjafinn á bölvuðu rassgatinu? (2, 4, 5)

sínum. En það varð fátt um hlýjar kveðjur því það varð jafn snemma að Snorri ríður í hlað og hundkvikindi ræðst á hundinn hans og veltir honum um hrygg. Snorra var sárt um seppa sinn, grípur í skottið á árásarkvikindinu og ætlar að kippa því ofanaf, en það vindur uppá sig og bítur Snorra í hendina:

11. Merin var góð í taumi

Það var skömmu eftir 1920 að komið var upp mjólkurbúum í sýslunni til að framleiða gráðost til útflutnings og þurfti til þess sauðamjók. Flestir voru þá hættir að færa frá, en sumir byrjuðu aftur, þar á meðal Þverármenn. Þurfti að flytja mjólkina yfir Laxárdalsheiðina og í Narfastaði, en þar var unnið úr henni. Snorri karlinn á Þverá var þá orðinn aldraður maður, en flutti þó sauða-mjólkina yfir heiðina. Sjálfur reið hann á hnakkhesti, en teymdi reiðingshest undir mjólkurbrúsunum.

Einn morguninn sér Sigurður bóndi á Narfastöðum að hrossið með brúsana verður eftir niður við Reykjadalssá, en Snorri ríður áfram eins og ekkert hafi í skorist. Sigurður gekk niður fyrir túngarðinn til móts við Snorra sem hélt í tauminn, en beislið dróst eftir jörðinni því merin hafði smokrað því fram af sér. Sigurður bendir Snorra á þetta. Hann lítur aftur fyrir sig og segir: "Hmm, ja eg mátti vita þetta. Merarhelvítið hefur aldrei verið svona góð í taumi áður!" (1, 4, 5)

12. Merinni þótti það gott

Einn vormorgunn sér Snorri að vel stendur á fyrir hryssu sem hann átti. Tekur hann hana og fer vestur yfir heiði því hann vissi að foli var á Stóruleugum. Hann fer með hana þangað og heldur henni. Gekk það allt vel fyrir sig. Þegar Snorri kom aftur heim og sagði tíðindin bregðast synir hans hinir verstu við og skömmuðu

karlinn fyrir þetta uppátæki. Töldu þeir að ekki yrðu mikil not af merinni við búskapinn eftir þetta og þeir hefðu ekki með nokkru móti mátt við slíku. Snorri þegir fyrst lengi og lofar þeim að rausa, en segir að lokum: "Ja, eg veit ekkert um þetta, en eg sá að merinni þótti það gott!" (2, 4, 5, 12)

13. Vandfundin bók

Marteinn bóndi á Hálsi í Kinn var eitt sinn staddur á bókasafninu á Húsavík. Hann fann ekki bókina sem hann leitaði að þrátt fyrir að Benedikt benti honum á hvar hana væri að finna.

Benedikt veður þá sjálfur á staðinn, dregur fram bókina og segir: "Hvar hafðirðu andskotans glyrnurnar?" ⁽⁷⁾

14. Meira drulluðu þær í fyrra!

Hr. Þórhallur Bjarnason biskup lifði 1855-1916. Hann var biskup Íslands 1908-1916.

Það var þegar Þórhallur biskup Bjarnason vísiteraði í sýslunni. Þá gisti hann á Þverá sem jafnan er hann var á ferð Norðanlands, enda voru þeir biskup og Snorri miklir vinir, þótt ekki væru þeir sammála í trúmálunum. Þegar biskup kom á fætur um morguninn gengur hann út á hlaðið og sér að kýrnar höfðu brotist þar inn í skemmu og voru farnar að éta saltfisk sem þar var

geymdur. Gerir hann nú heimilisfólkinu viðvart um þetta. Nokkru seinna gengur hann út aftur og sér þá hvar Snorri er að verka það sem kýrnar höfðu verið að gæða sér á og hefur orð á því að illa hafi kýrnar farið með matinn. En Snorri tók því rólega og svaraði: "Nja, læt eg það allt vera. Meira drulluðu þær í fyrra og þá ekki á roðið!"

(1, 4, 5, 12)

15. Hafurinn rekinn úr túninu

Hr. Jón biskup Helgason lifði 1866-1942. Hann var biskup Íslands 1917-1938.

Það mun hafa verið löngu seinna að Jón biskup Helgason vísiteraði á Þverá. Þegar hann bjóst til farar söðlaði Snorri Grána sinn til að fylgja biskupi, ásamt föruneysi, yfir Laxá svo menn færu sér ekki að voða í ánni, en þess má geta að undan Þverá er heldur vont vað á Laxá. Þá segir biskup: "Þess þarf nú ekki Snorri minn, eg er svo kunnugur hérna að eg kemst þetta með guðs hjálp." Þá segir Snorri: "Eg treysti mér nú samt

betur í þessum efnum!" En þegar yfir kom þurfti hann meira að skrafa við biskupinn og hélt áfram og gætti sín ekki fyrr en hann kom að vallargarðinum í Reykjahlíð. Þá sagði Snorri áður en hann kvaddi og snéri heim á leið: "Ja, nú þykist eg aldeilis vera búinn að reka hafurinn úr túninu!"

(1, 4, 5, 6, 12)

16. Sr. Helgi afskrýddur

Þegar að Snorri var orðinn gamall vildi hann hætta því að vera meðhjálpari í Þverárkirkju. Hann var búinn að vera það lengi. Fenginn var til að gegna þeirri stöðu Benedikt yngri Jónsson á Auðnum, frændi Snorra. Snorri fór svo að setja frænda sinn inn í embættið og segja honum hvernig hann ætti að haga sér og vara hann við ýmsu sem fyrir

gæti komið. Hann yrði meðal annars að passa sig að láta ekki koma rembihnút þegar hann hnýtti rikkilínið á prestinn.

"Þetta kom einu sinni fyrir mig og eg ætlaði aldrei að geta leyst hnútinn. Eg var farinn að halda að eg yrði að skera helvítið!"

(2, 4, 5, 10, 11, 12. Sjá heimild 10)

17. Um tilurð Ásbyrgis

Það var eitt sinn er Snorri fór í göngur norður í Ásheiði í Kelduhverfi. Smölun gekk vel og komu menn snemma að með féð. Allir nema Þverárbóndinn. Hann skilaði sér ekki úr göngunum. Brugðu menn við og fóru að leita að honum þó gott væri veður. Héldu að hann hefði orðið fyrir einhverju slysi. Fundu þeir hann brátt og amaði ekkert að honum. Hann sagði við leitarmenn: "Mikill bölvaður asni er Þorvaldur Thoroddsen að láta sér detta í hug að Ásbyrgi sé sjávarhamrar! Það liggur í augum uppi hvernig Ásbyrgi hefur orðið til. Það er ekki jarðfall,

heldur árfar-vegur. Eg er búinn að fylgja árfar-veginum inn eftir öræfunum og það er alveg bersýnilegt að hraun hefur runnið í Jökulsá og veitt henni austur þangað sem hún er nú." Hann hafði þá gleymt smalamennsku og öllu nema því að rekja slóð Jökulsár.

Seinna mun hann hafa fengið syni sína með sér til að athuga þetta nánar. En mörgum áratugum seinna staðfesti Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur að kenning Snorra var rétt og að Jökulsá hefur í fyrndinni steypst niður í Ásbyrgi og myndað það.

(4, 6. Sjá skýringar í heimild nr. 14)

18. Vildi með út í Þverá

Eitt sinn kom Benedikt á Auðnum í bæinn og sá ekki konu sína og spurði heimilisfólkið eftir henni. Það sagði hana hafa skroppið út í Þverá. Benedikt

varð fár við og sagði: "Eins og eg hefði ekki gengið með henni kerlingarhelvítinu!"

(4)

19. Eins og kolryðguð búrbredda!

Áratugum saman vann Benedikt á skrifstofu K.Þ. Eitt sinn sem oftast gekk hann fram í söluveidina, en kemur fljótlega aftur inn í skrifstofuna og spyr: "Hvaða kvenmaður er þarna fram í

búðinni?" Honum var sagt það. "Mikið andskoti er hún ljót. Hún er bara hreint eins og kolryðguð búrbredda!"

(4)

20. Vel búnir í hríðina

Hólmfríður Friðjónsdóttir, lengi til heimilis á Litlulaugum, sagði eftirfarandi sögu, en hún var stödd á Þverá við saumaskap þegar þetta gerðist.

Það var að haustlagi að gerir afspyrnu byl, en féð allt í heiðinni. Þeir Þverár-bændur höfðu það ekki eins og flestir að snara sér í einhverjar skjólflíkur og stökkva svo út í stórhriðina án þess að undirbúa það

sæmilega, heldur vönduðu þeir mjög klæðnað sinn og fengu síðan kvenfólkið til að sauma að sér fötin svo hvergi gosaði inn á þá um rifur eða samskeyti og tók þetta allt töluverðan tíma. En að öllu búnu fóru þeir að tínast út í göngin til að fara út í bylinn. Þá kallaði Snorri á eftir þeim: "Blessaðir skítið þið nú strákar áður en þið farið út í þetta veður!"

(1, 4, 5)

21. Göfug, en lúsug!

Garðar Jakobsson segir þannig frá:

Þegar Snorri bjó á Öndólsstöðum var kona á næsta bæ sem eg man ekki hvað hét, en Snorri lýsti henni svo: "Þetta er bráðgáfuð kona og eg hefði

sagt beinlínis göfug manneskja, ef ekki hefði verið andskotans lúsin!"

(4)

22. Fangbrögð

Jónasi Snorrasyni var sögð trúlofun sveitunga sinna. Konan var 126 kg og stór eftir því. Þá var hún jafnframt sögð hafa afar stórt skap. Maðurinn var aftur

á móti fremur fínlegur meðalmaður. Þá sagði Jónas sí svona: "Ja, sá þykir mér færast mikið í fang!"

(7)

23. Sérviska og önnur sérkenni

Þegar helstu sérkenni Þveræinga bar á góma sagði Garðar Jakobsson á Lautum: "Það er ekki laust við að frændur þínir séu sérvitrir!"

Þegar borið var undir Garðar hvort

Þveræingur nokkur hafi ekki verið eins og fólk er flest, svaraði hann: "Jú, svo framarlega sem þið frændur eruð normal!"

(7)

24. Gestrisni

Hreppstjórinn Jónas Snorrason brá sér inn að Ljótstöðum að fá skattframtal af Helga bónda. Helgi hélt ráðskonu. Í vöggu lá ungabarn:

Jónas: Á að kalla hana ráðskonu á framtalinu?

Helgi: Ne-ei, ekki er það nú.

Jónas: Á þá að kalla hana vinnukonu?

Helgi: Ne-ei, ekki er það nú heldur. Kallaðu hana gest.

Jónas: Nú, skárri er það nú gestrisnin hér á Ljótstöðum! (7, 9)

25. Guðsorð

Péttri Gauta Jónssyni (Sigurðssonar, forseta sameinaðs þings) varð að orði þegar blótsyrði Snorra og Benedikts bar á góma: "Það er hreint eins og þau séu guðsorð í munni þeirra, blótsyrðin!" (7)

26. Maðurinn með stálhnefana

Í bók sinni Að breyta fjalli (1987) segir Stefán Jónsson fréttamaður frá Benedikt Jónssyni. Stefán var frá Berufirði, en var sendur til Húsavíkur einn vetur þegar hann var 12 ára. Stefán er þar kominn í frásögninni að hann er að útskýra pólitíkina á Húsavík árið 1935. Húsavíkingar þurftu ekki að sækja línuna til útlanda því ...

"... þeir stóðu betur að vígi en ýmsir aðrir, vegna þess að þeir áttu heima hjá sér sinn eigin pólitíska fræðasmið og forsprakka alþýðumenningar, sem var meira við hæfi fólksins. Hann var að vísu að mestu hættur ritstörfum og gjör-samlega hættur pólitískri agitasjón. En hann var sannarlega ennþá gildandi í menningarmálum Þingeyinga.

Hann fæddist árið 1846 og var sem

sagt 89 ára þennan vetur og hafðist við flesta daga í kastalabyggingu við norðanverða Garðarsbraut, sem hét þá alls ekki neitt. Þetta var sýslubókasafnið. [] Þar réði enn húsum Benedikt sjálfur Jónsson frá Auðnum, og segir nú frá þeim áhrifum sem hann varð fyrir af kynnum sínum við mig.

Það var ekki fyrr en um miðjan þorra, að ég komst upp á lag með að nota bókasafnið. Í byrjun sótti ég þangað öll heftin, sem ég átti enn ólesin af Tarsan-bókunum, hvert á fætur öðru. Og þarna var hann sem sagt fyrir innan borðið, pínulítill, ævafor og skorpinn, skeggjaður og mjóróma karl, sem ekki fékk orða bundist um Tarsanstúðeringar mínar og lýsti fyrir mér vegferðinni, sem mér væri búin, ef ég héldi áfram að lesa eintóma djöfulsins vitleysu. Ég sagði honum að mér þætti Tarsan skemmtilegur. Þá sagði hann, að höfundur þessara bókmennta hefði skrifað þær handa breskum skríl, og þær væru svo lélegar, að andskotinn gæti ekki einu sinni notað þær í eldsneyti í helvíti. Ég hlýddi á hann með óskiptri athygli, því aldrei fyrr né síðar heyrði ég annan eins blótsyrðaflaum borinn fram, svo skrækum rómi út úr jafn skorpnu andliti.

Þá kunnir ég ekki skil á manni þessum, en þegar heim kom sagði ég Maríu frænku sem ýtarlegast frá orðræðu minni við bókasafnsvörðinn. Hún hlýddi glaðlega á skýrslu mína og sagði svo, að þessi fágætlega blótsami karl væri enginn annar en hann Bensi frá Auðnum, nánar til tekið Benedikt Jónsson, krýndur páfi þingeyskrar menningar. Hann væri nú kominn undir nírætt og yrði með hverju árinu orðljótari sem hann lifði. Mér væri best að reyna að koma mér vel við þennan karl, því þá væri hann vís með að verða mér hjálplegur um skemmtilegar bækur, sem ég vissi ekki einu sinni að væru til. Hún sagði líka að þetta, sem ég hefði eftir honum, væri ekki nema eins og blessunarorð samanborið við það, sem

stunndum væri hægt að ná út úr honum. Að svo mæltu lagði hún mér þau ráð, þegar ég skilaði síðustu Tarsanbókinni, að biðja þá um Manninn með stálhnefana, og gera það nú fyrir sig - nafni minn - sagði hún, að leggja nákvæmlega á minnið það sem hann segir þá.

Þegar ég skilaði svo þessu síðasta hefti í nefndum bókaflökki, þá sá ég ekki öldunginn. Þarna var þá kominn annar agnarlítill karl og alveg eins hrukkóttur. Siggi í Stapa, sem var með mér, hvíslaði því að mér að þessi hétli líka Benedikt Jónsson og væri dóttursonur gamla Bensa og kallaður Bubbi speni til aðgreiningar. Ég nefndi við hann bókina, sem ég vildi fá í staðinn fyrir Tarsan og gimsteina Ópalborgar, og þá ætlaði hann að rifna af hlátri og kallaði svo inn í bókavarðarherbergið: "Nú er hann að skila Tarsan, afi, og biður um Manninn með stálhnefana í staðinn." Karlinn hoppaði eins og þröstur út úr herberginu og skrækti: "Við fáum góðmenni á Tjörnesi til að drepa helvítis kvikindið og kasta því í poka með grjóti fram af andskotans Höbbðanum. Það er það minnsta sem við getum gert fyrir hana mömmu hans."

María frænka var venju fremur illa haldin af höfuðverknum, þegar ég kom heim til hennar með Manninn með stálhnefana og sagði henni frá athugasemdum Benedikts frá Auðnum, og mér var ekki ljóst, hvort það var heldur af höfuðkvölunum eða hlátrinum, sem hún veinaði svona óskaplega, og tárin flóðu ofan kinnarnar þegar hún kyssti mig fyrir skilmerkilega frásögn og kallaði mig nafna sinn.

Svo rann sá dagur upp, að ég bað Benedikt um seinna heftið af Njáli þumalingi eftir Selmu Lagerlöf, eins og bókin hét í íslensku útgáfunni. Hann sagði sem var að ekki væri búið að þýða seinnipart sögunnar. Svo sótti hann sænsku útgáfuna og íslenska fyrripartinn og sagði, að ef mig langaði nógu mikið til að lesa seinnipartinn og ef ég væri ekki alveg jafn andskoti og helvíti vitlaus og hann væri næstum handviss um að ég hlyti að vera, þá gæti ég prófað að lesa saman fyrripartinn á íslenkunni og sænskunni, og þá ætti ég að geta stautað mig fram úr seinnipartinum á sænskunni á eftir, því það bættust ekki við svo mörg ný orð.

Aðferð Benedikts heppnaðist.

Sjálfsagt hefur það hjálpað til, að ég var orðinn stautandi á dönsku. Þegar ég sagði honum frá árangrinum, lagði hann tafarlaust fyrir mig gildru og spurði, hvort ég vildi þá ekki reyna að lesa á sama hátt seinnipartinn af Davíð Copperfield á ensku, af því að fyrriparturinn var kominn út í Æskunni. Ég sagði honum eins og var, að ég hefði reynt að stauta mig fram úr enskri barnabók, en gæti það ekki og þá skrækti hann upp: "Kannski ertu ekki jafn andskoti og helvíti lyginn, eins og hin djöfulsins kvikindin segja að þú sért?"

Ég er hér um bil alveg viss um að hann sagði aldrei *heillin* við mig."

(8)

27. Geislabaugarnir voru eins og pönnukökur

Árni Björnsson þjóðháttafræðingur sagði frá því þegar Snorri hreppstjóri Jónsson á Þverá heimsótti Þjóðminjasafnið eitt sinn er hann var staddur í Reykjavík í bændaför. Það var þegar Matthías Þórðarson var þjóðminjavörður. Garðar Jakobsson segir söguna einnig á segulbandi Agnars Guðnasonar og er sagan hér að mestu samkvæmt þeirri frásögn Garðars. Garðar segir Finn Kristjánsson ritstjóra Árbókar Þingeyinga ekki hafa viljað birta þessa sögu. Árni Jakobsson í Skógarseli, bróðir Garðars, var með í för, en sjálfur var Garðar barn að aldri þegar þetta gerðist. Garðar segir: "Árni bróðir var óskaplega stórhreifinn af því hvað Snorri hafði verið gagnorður í ferðinni. Hann sagði Snorra hafa verið stórkostlega skemmtilegan ferðafélaga."

Á Þjóðminjasafninu er ævagömul altaristafla úr kirkjunni á Þverá, máluð í naivistiskum stíl og heldur viðvaningslegum. Yrkisefnið er síðasta kvöldmáltíðin. Snorri segir þannig frá viðbrögðum sínum: "Ja, þegar eg kom í Vídalínsstúkuna þá varð mér nú bara að

orði: "Nei, ertu þá kominn þarna andskotinn þinn." Þetta var hreint ljótasta málverk sem eg hef nokkurn tímann séð. Það var eins og málarinn hefði drullað á það og dregið út með fingrunum!"

(4, 5, 12)

28. Ekki til undaneldis

Árið 1898 var stofnað fjárræktarfélag á Halldórsstöðum í Reykjadal og var þá jörðin Partur lögð undir Halldórsstaði. Sigfús Jónsson var ráðinn til að veita fjárræktarbúinu forstöðu og flutti það sama ár að Halldórsstöðum. Þegar velja skyldi lífsfé voru fleiri kvaddir til, þar á meðal

Snorri á Þverá. Þá var þar einn hrútur sem allir dáðust að og þótti bera af öðrum, en Snorri sagði ekkert og fóru menn að leita álots hans. Þá sagði Snorri: "Sjáið þið ekki að hann er vanskapaður helvítið að tarna, hann er með rassgatið uppi á baki?"⁽³⁾

29. Dáðasnauð af vana

Unglingsstúlka þótti fremur þung til verka þótt hún yrði seinna dugandi húsfreyja. Hún var eitt sinn í kaupavinnu á Þverá og einnig hjá Árna Jakobssyni meðan hann bjó í Hólum. Svo hittir Snorri Árna og spurði hann: "Hvernig dugði Dísu þér?" Árni tók lítið í það, en spurði á móti: "Hvernig dugði hún þér?" Þá svaraði Snorri: "Hún var bráðónýt, mátti ekki heyra

fugl fljúga, þá glápti hún og góndi og sagði: "Hver fór þar?"

Út af þessu samtali þeirra orti Ásrún Jónsdóttir Ólafssonar á Einarstöðum:

Hvernig dugði Dísu þér
dáðasnauð af vana?
Enginn skyldi örvagrér
eiga neitt við hana.

(3)

30. Hundasúrur á Þingvöllum

Árni Jakobsson, bróðir sögumanns, og seinna bóndi í Skógarseli, fór ríðandi suður ásamt fjölda bænda annarra og kallaðist það bændaför. Þar á meðal var Snorri á Þverá. Benedikt fór á skipi suður, en var með í Þingvallaferðinni.

Þegar þeir bændur komu á Þingvelli fór Snorri að gá niður í jörðina og sagði: "Hvaða jurt er þetta, Bensi bróðir?" Benedikt svaraði: "Hvern andskotann ætli eg sé skyldugur að þekkja allar helvítis hundasúrur á Þingvöllum!"⁽³⁾

31. Annað heita þær fyrir norðan

Í þeirri sömu ferð og að ofan getur skoðuðu bændur Náttúrugripasafnið í Reykjavík. Þegar flestir þóttust vera búnir að skoða nægju sína hafði Snorri ekki komist lengra en að skoða endurnar og var kominn í háa riflildi við safn-

vörðinn út af nöfnunum á öndunum. Þegar Árni Jakobsson kom þar að heyrði hann að hvein í Snorra: "Nú, nú, hvaða helvítis nafni ætli þið hafið klesst á hana þessa?"⁽³⁾

(3)

32. Benedikt var almáttugur!

Guðjón á Ljótstöðum í Laxárdal eignaðist nýmóðins olíulampa með 12 línu gleri. Fljótlega settist sót innan á glerið svo lítið gagn varð að lampanum. Hann brá sér út að Auðnum með lampann og bar vandamálið undir Benedikt. Benedikt hreinsaði glerið og

stillti kveikinn. Og viti menn - lampinn var kominn í lag! Þá sagði Guðjón: "Það held eg að hann Benedikt sé almáttugur!"

(7)

33. Átakamikið Búnaðarþing

Sigurdór Sigurdórsson segir sögu af Jóni Benediktssyni bónda á Auðnum (1946) í Sandkornum DV 5. mars 1997. Benedikt (1896-1974), faðir Jóns, var sonur Hildar Benediktsdóttur (1875-1968) á Auðnum. Benedikt Jónsson á Auðnum er því langafi Jóns. Sagan er þannig:

Búnaðarþing var haldið fyrir nokkru. Meðal þingfulltrúa var Jón Benediktsson bóndi á Auðnum í Laxárdal. Daginn eftir að hann kom heim af þinginu varð hann fyrir óhappi og handleggsbrotnaði. Hann fór á sjúkrahúsið á Húsavík til að láta gera að

brotinu. Læknir tók á móti Jóni og spurði hvaðan hann væri að koma. Hann sagðist hafa verið að koma af Búnaðarþingi. Læknirinn leit þá á handleggsbrotið og spurði: "Var þetta átakarþing?"

(13)

34. Um flæðiengjar

Séra Pétur Helgi Hjálmarsson lifði 1867-1941. Hann þjónaði á Grenjaðarstað 1911-1930, en var aðstoðarprestur þar frá 1907.

Laxá ber oft grjót, sand og leir á engjar og bakka við ána. Þetta er hinn besti áburður, nema grjótið, og sprettur vel næstu ár á eftir. En mikil vinna var við grjóthreinsun eftir sum hlaup. Í preststíð séra Helga Hjálmarssonar á Grenjaðarstað bar það eitt sinn við að Laxá hljóp upp á engjar bæjarins. Séra

Helgi vildi fá afgangið af jörðinni lækkað af þeim sökum. Snorri á Þverá var fenginn til að meta tjónið. Eftir að hann kom heim í Grenjaðarstað að lokinni skoðunarferð var hann spurður á lits. Þá sagði Snorri: "Góður er Guð við séra Helga!"

(11)

35. Brettingsstaðaúttektin

Úr minningarbrotum Hákonar Jónssonar frá Brettingsstöðum:

Nú líður á vorið. Fardagar nálgast. Þá komu þau hjónin Tómas föðurbróðir minn og Guðný móðursystir mín frá Akureyri í stutta heimsókn. Þá komu úttektarmenn, því ábúð Tómasar var lokið á Brettingsstöðum. Úttekt jarðarinnar þarf að fara fram, þar sem faðir minn tekur nú við henni formlega. Hana gerðu Snorri hreppstjóri á Þverá, Hólmgeir bóndi í Vallakoti og - að mig minnir - Jón bóndi á Hjalla.

Snorri Jónsson á Þverá var einstaklega skemmtilegur. Margar af skrytlunum hans og bráðfyndnum tilsvörum urðu héraðs- og jafnvel landsfrægar. Hólmgeir Þorsteinsson í Vallakoti var líka glettinn og spaugsamur og þarna ýtti hann undir athugasemdir hreppstjóra. Auðvitað voru þeir bræður, Jón og Tómas, með úttektarmönnum meðan þeir unnu sín verk af mikilli samviskusemi. Bæjarhús voru sum nýlega byggð, þ.e. baðstofa og stóarhús. Þau höfðu brunnið veturinn 1918 og því aðeins 8 ára. Frambærinn var gamall, stofuþil snarað - þó aftur, en ekki fram. Snorri lét einhver orð falla

um að frambærinn væri orðinn lélegur, einkum þyrfti að rétt við stofuloftið: "Þilið er orðið fatt eins og montinn Mývetningur!"

Hesthús niðri á Hesthúshól fékk einkunnina: "Þarf allmikilla lagfæringa við, einkum hlöðuboran og suðurveggur hússins sem er marg óléttur og að hrúni kominn!"

Þegar komið var inn í lambakofa suður og upp á túni skyggnist Snorri um og segir síðan: "Hvernig hefur helvítis mæniásinn hér getað þrífrotnað, en lafir þó uppi enn!"

Að úttekt lokinni borðuðu gestirnir kvöldmat sem eðlilegt var. Meðal annars voru þar andaregg á borðum. Snorri fékk sér egg og segir síðan: "Hreint sá dýrasti matur sem til er eru egg frá Mývetningum!" Þá segir Hólmgeir: "Nú, eru þau nokkuð dýrari en annar matur?" Þá svarar Snorri: "Jú, því það er vísindalega sannað að þau hafa ekkert meira næringargildi en koppurinn fylltur af nýmjólk - og ætli það þætti ekki dýr mjólk!" ⁽¹²⁾

36. Varð ekki snúið

Eftir árangurslausar tilraunir til að breyta ákvörðunum sonar síns, sem Snorri taldi rangar, sagði hann: "Það er ekki fyrir sjálfan andskotann að ætla að sannfæra þig. Guð er nú genginn frá því fyrir svo langsamlega löngu!" ⁽¹²⁾

37. Kría

Snorri: "Leiðinlegasti fugl sem til er, það er bölvuð krían. Það verður að stökkva til og grípa eggjið um leið og hún skítur því úr sér ef það á ekki að vera orðið helungað!"

Heimildir og eftirmáli

1. *Snorri hreppstjóri á Þverá í Laxárdal var sannur húmoristi.* Garðar Jakobsson bóndi á Lautum í Reykjadal. Árbók Þingeyinga 1991.

Í formála að sögunum segir Garðar: "Snorri Jónsson bóndi og hreppstjóri á Þverá var óvenju gagnorður maður og einnig gamansamur á sinn hátt, en þótti blótsamur mjög. Gengu margar sögur af honum og snilliyrðum hans hér áður fyrr. Vil ég rifja upp nokkrar þeirra og verður þó fátt eitt tínt til af þeim mikla fjölda sagna sem eftir honum eru hafðar."

Í eftirmála segir Garðar: "Ef til vill halda þeir sem lesa þessar sögur að Snorri á Þverá hafi verið eitthvert ruddamenni, en það var öðru nær. Hann var smáfaxinn maður og mjög fínlegur, ljúfur í viðmóti og hvers manns hugljúfi. Helga systir mín fékkst nokkuð við hjúkrun á tímabili. Hún hjúkraði Snorra þegar hann lá banaleguna og taldi hún sig aldrei hafa hjúkrað jafn þolinmóðum ["og elskulegum" sbr. 5. lið] sjúklingi og ávallt hafi hann verið sérlega þakklátur fyrir allt sem fyrir hann var reynt að gera til að lina þjáningarnar. Það var að vísu svo að hann sagði naumast svo setningu að ekki fylgdi blótsyrði. Hólmfríður Friðjónsdóttir sagðist eitt sinn hafa spurt Snorra hvort mikið hefði verið blótað á Þverá á uppvaxtarárum hans. "Því heldur þú það?" spurði Snorri. "Það vita nú allir hvað þið bræður bölvið mikið" svaraði hún. "Þetta er bara helvítis bölvaður barnsvani" sagði Snorri þá.

Sigtryggur Helgason á Hallbjarnarstöðum var öllum mönnum varasamari að láta aldrei blótsyrði fram ganga af sínum munn. Þó sagði hann að Snorri væri skemmtilegasti maður sem hann hitti og einkum fyrir það að hann væri svo margfróður að hann gæti alltaf sagt sér eitthvað sem hann vissi ekki fyrir." Greininni fylgir mynd af Snorra.

2. *Snorri hreppstjóri á Þverá í Laxárdal var sannur húmoristi.* Garðar Jakobsson bóndi á Lautum í Reykjadal. Árbók Þingeyinga 1992. Formáli að sögunum er sá sami og árið 1991.

3. *Af Þverárbræðrum Snorra og Benedikt.* Garðar Jakobsson bóndi á Lautum í Reykjadal. Árbók Þingeyinga 1994. Enginn formáli er fyrir sögunum.

Finnur Kristjánsson, fyrsti safnvörður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga, var ritstjóri árbókarinnar þessi ár. Garðar Jakobsson í Lautum sagði undirrituðum frá því að Finnur hafi viljandi fækkað blótsyrðum í sögum þeim sem birtust í árbókinni af þeim Þverárbræðrum. Honum hafi ekki fundist þau vera nægilega virðuleg fyrir svo virðulega menn. Garðar telur lýsingar Þverárbræðra því hafa verið skrautlegri en fram kemur í árbókinni. Sjá einnig 11. lið um blótsyrði.

4. Garðar Jakobsson (1913) skrifaði niður nokkrar af sögum sínum af þeim Þverárbræðrum fyrir Árna Björnsson á Þjóðháttadeild Þjóðminjasafns Íslands þar sem þær hafa fengið númerið 11452. Árni Björnsson benti undirrituðum á þær. Ljóst er af samhenginu að þær eru skráðar eftir 1993. Söguna af heimsókn Snorra í Þjóðminjasafnið nr. 27 - *Geislabaugarnir voru eins og pönnukökur!* kunnir Árni, líklega eftir Garðari, en hún er ekki í handriti því sem Garðar afhenti safninu.

Um sögu nr. 10 - *Að vaða uppí hundskjafi* segir Garðar: "Ég man ekki betur en að Þórhallur Kristjánsson á Breiðumýri segði mér þessa sögu og að hann hafi sjálfur verið viðstaddur."

Garðar er fjarskyldur Þveræingum af Mýrarætt. Kona hans var aftur á móti barnabarn Aðalbjargar Jónsdóttur í Vallarkoti og Ljósstöðum, systur þeirra Þverárbræðra. Hún hét Þorgerður Glúmsdóttir (sbr. *Örlitla ættarsögu*).

Garðar leikur á fiðlu þótt hann hafi ekki hlotið skólamenntun í tónmenntum. Garðar telur Bensa (Benedikt) hafa flutt inn mikið af notuðum fiðlum og hafi hann jafnvel haft mann í Kaupmannahöfn til að velja þær fyrir íslenska kaupendur. Nýjar fiðlur segir hann aftur á móti að hafi komið frá Importeren í Kaupmannahöfn, og þaðan er fiðla Garðars sem hann eignaðist um 1920. Að dómi hljóðfæraleikara er fiðla Garðars af góðri gerð.

Jón Jónsson í Vogum í Mývatnssveit lærði húsasmíði og fiðluleik í Kaupmannahöfn og kom árið 1851 með fyrstu fiðluna í Þingeyjarsýslur. Jón þessi var móðurbróðir Jóns Sveinssonar - Nonna. Sveinn faðir Nonna var aftur úr Kelduhverfi í Öxarfirði. Jón þessi ætlaði til Brasilíu, en skipið kom aldrei til Húsavíkur. Börn hans urðu bændur í Reykjahverfi og léku allir synir hans á fiðlu. Annars telur Garðar Arngrím málara Gíslason frá Skörðum í Reykjahverfi hafa átt einna drýgstan þátt í útbreiðslu fiðlunnar í sýslunni.

Garðar lék inná hljómplötu á áttunda áratugnum ásamt Einari Kristjánssyni frá Hermundarfelli.

Eins og kunnugt er safnaði Benedikt á Auðnum þingeyskum þjóðlögum og skráði þau sjálfur. Hann sendi séra Bjarna Þorsteinssyni á Siglufirði nóturnar, en hann kom þeim á bók. Garðar segir Sigtrygg frá Hallbjarnarstöðum í Reykjadal, móðurbróður sinn, hafa tekið þátt í þessu með Benedikt. Til gamans má geta þess að Garðar rakst á það í dagbók Sigtryggs að hann skrifar eitt sinn: "Fór yfir í Auðnir með fiðluna." Í formála prófessors Richards Beck að sögusafni Unnar Benediktsdóttur Bjarklind - Huldu - sem ber heitið *Hjá sól og bil* segir hann m.a.: "Benedikt faðir hennar var hinn sönghneigðasti maður og fróðasti í þeirri grein og sömdu þeir Sigtryggur Helgason og hann lög er sum hafa víðkunn orðið."

Garðar segir frá því að Hjálmar Stefánsson á Vagnbrekku í Mývatnssveit hafi kennt Áskeli Snorrasyni á fiðlu. "Hjálmar var bestur af okkur ólærðu fiðlurunum" segir hann. Hjálmar var ákaflega rómantískur. Hann átti það til að fara á bát sínum út á Mývatn með fiðluna og láta reka meðan hann lék á fiðluna við undirleik náttúruhljóða. Marteinn á Ysta Felli sagði Garðari frá því að Hjálmar hafi leikið við undirleik fossanna í hlíðinni á móti bænum og koma ofanaf Kinnafjöllum. Þá lék Hjálmar við undirleik Barnafossa sem eru í Skjálfandafljóti, handan við Kinnarfell frá Ysta Felli séð.

Garðar man vel eftir því þegar Jón J. Víðis landmælingamaður, sonur Jóns Þveræings, mældi fyrir vegi um Reykjadal og Laugar. Hann segir börn sín hafa aðstoðað Jón við mælingarnar og þegið nokkra aura fyrir. Þetta hefur líklega verið rétt í stríðslok.

Um þá bræður Snorra og Benedikt segir Garðar í formála handritsins (sbr. 4. lið) sem hann færði Þjóðminjasafninu: "Snorri Jónsson bóndi og hreppstjóri á Þverá í Laxárdal var bróðir Benedikts Jónssonar sem löngum var kenndur við Auðnir í Laxárdal því hann bjó þar allengi, en var annars frægur af störfum sínum fyrir K.Þ. og þó ekki síður fyrir að koma upp Sýslubókasafni Þingeyinga. Og hefur Sveinn Skorri Höskuldsson skrifað mikla bók um ævi hans og menningarbaráttu. - Þeir bræður báðir

voru mjög orðstórir og oft á tíðum orðljótir, annars smávaxnir menn og fínlegir og snyrtilegir svo af bar. Ég mun nú tína til nokkrar sögur um snillyrði þeirra, einkum Snorra, en einnig kemur Benedikt nokkuð við sögu."

Garðar Jakobsson segir það hafa verið Halldóru Jónsdóttur frá Holti í Reykdælahreppi sem er konan í sögu nr. 19 - *Eins og kolryðguð búrbredda*. Hún var lengi á Einarstöðum. "Hún var ekki fríð." Konan í sögu nr. 21 - *Göfug, en lúsug átti heima á Halldórsstöðum í Reykjadal*.

5. Garðar Jakobsson talaði nokkrar af sögum sínum inn á segulband handa Agnari Guðnasyni ráðunaut til að spila fyrir ferðamenn, en Agnar starfar einnig sem fararstjóri. Undirritaður á nú eftirtöku af þessari upptöku.

6. *Tveir á tali*. Viðtal við Baldvin Sigurðsson (1906-1980) frá Garði í Aðaldal í Sunnudagsblaði Tímans árið 1970. Baldvin var sonur Bergljótar Benediktsdóttur Jónssonar á Auðnum. Þau hjón Sigurður og Bergljót voru systkinabörn. Baldvin segir m.a. frá blindu ömmu sinnar og *Danslilju* séra Þorláks Þórarinssonar sem hann lærði af henni. Um Snorra á Þverá segir Baldvin: "Ég tel Snorra, afabróður minn, alveg tvímælalaust einhvern merkasta mann sem ég hef fyrirhitt á lífsleiðinni."

7. Garðar Jakobsson heimsótti undirritaðan 4. júní 1997. Þá bættust nokkrar sögur við. "Snorri var bráðgáfaður" segir Garðar. Um rithönd Benedikts segir hann að hún hafi þótt með afbrigðum góð og mikil festa í höndinni. Garðar upplýsir jafnframt að líklega hafi Benedikt aldrei haldið ræður, þótt ótrúlegt megi virðast, ekki síst þegar haft er í huga að hann var hreppstjóri í áratugi. Ef til vill var hann of hlédrægur eða feiminn þegar að því kom. "Snorri var stórmerkilegur maður og þeir bræður allir."

Á kaupfélagsfundum sátu þeir Benedikt og Sigurgeir Jónsson bóndi á Stóruvöllum í Bárðardal. Benedikt hafði frumkvæði að því að Sigurgeir stjórnaði söng þegar hlé urðu á fundarhöldum. Sigurgeir var sjálflærður á orgel, en nam píanóleik og píanóstillingar í Reykjavík.

8. *Að breyta fjalli*. Stefán Jónsson fréttamaður. Svart á hvítu. Reykjavík, 1987.

9. Ásgeir Torfason frá Halldórsstöðum í Laxárdal á hlut í sögu nr. 24 - *Gestrisni*. Ásgeir man eftir því að hafa unglingur gengið með Jóni J. Víðis landmælingamanni kvöld eitt frá Halldórsstöðum suður í Þverá. Þegar kemur að Þveránni ætlaði Jón ekki að trúa því að þessi litli lækur væri sjálf Þveráin. "Er þetta virkilega Þveráin?" Áin var greinilega stærri í barnsminningunni. Jón flutti 4urra ára frá Þverá til Reykjavíkur með foreldrum sínum og systur.

10. Séra Sigurður Guðmundsson (1920) á Akureyri var prestur á Grenjaðarstað í fjóra áratugi, eða árin 1944-1986. Þann tíma þjónaði hann einnig á Þverá. Hann var síðar vígslubiskup á Hólum.

Lok sögu nr. 16 - *Sr. Helgi afskrýddur* eru frá Sigurði komin. Hann telur að bæst hafi við blótsyrðin með árunum. Í útgáfu Garðars Jakobssonar eru lok sögunnar þannig: "Þetta kom einu sinni fyrir mig og eg ætlaði aldrei að geta leyst hnútinn. Eg var farinn að halda að eg yrði að skera andskotans prestinn úr helvítis rikkilíninu!" Sjá 11. lið.

11. Jón Jónasson Snorrasonar (1935) bóndi á Þverá ásamt systkinum sínum Áskeli (1938) og Sigrúnu (1932). Jón sagði mér sögu nr. 34 - *Um flæðiengjar* í símann 14. okt. 1997 og er eini heimildarmaður þeirrar sögu. Jón sendi höfundu sögu nr. 16 - *Sr. Helgi afskrýddur* í sinni útgáfu. Þá benti Jón á Hákon Jónsson, sbr. neðan, og gaf afrit

af bréfi hans.

Jón fylgir Finni Kristjánssyni safnverði að málum hvað blótsyrði varðar. Hann telur að þeim hafi heldur fjölgað í sögunum í tímans rás, enda hafa þær verið sagðar til að skemmta fólki. Í þessu hefti eru blótsyrðin reyndar spöruð og eru þá sótt í þær útgáfur sem hafa þau fæst.

María Víðis Jónsdóttir, bróðurdóttir þeirra Snorra og Benedikts, og amma undirritaðs, "blótaði" talsvert. Hún var jafnframt trúuð kona og þurfti því að fela blótsyrðin. Hún sagði: "Árans, bévítans, skollans, rækallans, (hver) þremillinn, déskotans og andsvítans!"

12. Hákon Jónsson (1918) á Brettingsstöðum, nú á Húsavík, skrifaði Jóni Jónassyni á Þverá bréf með nokkrum "skrýtlum" af Snorra, afa Jóns, 17. september 1992. Snorri var uppi 1854-1928. Inngangur bréfsins er þannig:

"Góði vinur. Ég hef verið ögn að grúska í þessu sem þú nefndir við mig um daginn. Nú er það svo að auðvitað eru gömlu brandararnir hans afa þíns orðnir afbakaðir og útpynntir eftir 60-70 ára meðferð á vörum tveggja kynslóða. Engu að síður er það staðreynd að þeir hafa margir ekki týnst enn - og *mega alls ekki* gera það. Enn eru á lífi nokkrir, mér allmikið eldri menn úr Reykjadal - því miður fáir úr Laxárdal, sem muna vel eftir *Snorra á Þverá* - og þá fyrst og fremst sem gamansömum og afburðahnittum í tilsvörum, en þeir eru óðum að hverfa og því ekki seinna vænna að fá eitthvað uppúr þeim þessu viðvirkjandi. Það eru t.d. Áskell á Litlulaugum, Hólabræður Haraldur og Garðar, Siggí á Öndólfstöðum, já og Ingólfur frá Vallholti sem nú er orðinn næsti nágranni minn, nú Jónas á Stóruaugum og sjálfsagt einhverjir fleiri. Það sem ég hef heyrt af skrýtlum Snorra er auðvitað allt frá öðrum komið, nema örlítið hér fyrst úr minningabrotum mínum sem ég er að dunda mér til afþreyingar við. Ekkert merkilegt að vísu, en komið *frá fyrstu hendi* og sýnir ofurlitla mynd af þeim athugula gleðimanni og húmanista Snorra Jónssyni á Þverá."

Í niðurlagi bréfsins segir Hákon:

"Ég læt þetta nægja. Ég er sjö ára þegar Brettingsstaðaúttektin fór fram [saga nr. 35] og 10 ára þegar gamli maðurinn dó. Þrisvar mun ég hafa komið á Þverá meðan hann lifði. Hann kom aðeins í þetta eina skipti til okkar í Brettingsstaði." Í síma sagði Hákon undirrituðum frá því að úttektin hefði tekið allan daginn, en vegna þess hve skemmtilegir karlarnir voru, þá fylgdi hann þeim allan tímann. Í sama símtali telur Hákon að sonur Snorra komi við sögu í sögu nr. 36 - *Varð ekki snúið*, en í bréfinu segir hann að *vinur* hans hafi komið þar við sögu.

"Ég set hér á blað nokkrar skrýtlur og athugasemdir Snorra eins og þær voru sagðar mér." Síðan koma útgáfur hans á sögum nr. 16, 7, 27, 14, 12, 1, 15, og tilsvár Snorra þegar hann er að því spurður hvers vegna hann blóti svona mikið, og höfð er eftir Garðari Jakobssyni hér að ofan. Sögur nr. 35 - *Brettingsstaðaúttektin*, nr. 36 - *Varð ekki snúið* og nr. 37 - *Kría* hef ég eingöngu úr minningarbrotunum.

Útgáfa Hákonar af sögu nr. 7 - *Hvað sástu af fjallinu?* er nokkuð frábrugðin sögu Baldvins Sigurðssonar. Hann segir Jón Snorrason hafa verið í för, en ekki Pál. Þá lýkur sögu hans þannig, eftir að sonur hans segist hafa brugðið sér á fjallið: "Það má segja um þig það sama og um sumar sögupersónur Þorgils Gjallanda - ykkur er ekki sjálfrátt!" Svona til gamans má geta þess að Guðný Benediksdóttir í Garði í Aðaldal taldi Jónas, son Snorra, hafa verið með í för. Hún telur Snorra hafa setið í 3-4 tíma á

reiðingunum og beðið hestanna, enda átti hann von á þeim á hverri mínútu. Hún leggur áherslu á að Snorri hafi tekið þessu vel, þegar hann heyrði söguna, enda sé það eitt af sérkennum sögunnar - og þeirra Þveræinga. Önnur sérkenni þeirra er forvitnin, segir hún. Guðný sagði "Hvað sástu svo?", en aðrir sögðu "Hvað sástu þar?" Ég ræddi við Guðnýju í síma vorið 1998.

Það er haft eftir Hákon að hafurinn í sögu nr. 15 - *Hafurinn rekinn úr túninu* hafi verið Jón Helgason biskup eins og ég hef það, en ekki Þórhallur Bjarnason biskup eins og aðrar heimildir herma, og þá í beinu framhaldi af sögu nr. 14 - *Meira drulluðu þær í fyrra!*. Jón Jónasson á Þverá segir menn deila um það hvar Snorri hafi snúið við. Hákon lætur hann snúa við í Sandvatnsbrekku.

Þegar Snorri sér gömlu altaristöfluna í sögu nr. 27 - *Geislabaugarnir voru eins og pönnukökur!* lætur Hákon hann segja: "Hvert þá í þreifandi, er þá ekki þetta helvíti komið hingað!"

13. *Dagblaðið DV* 5. mars 1997. Sigurdór Sigurdórsson í Sandkorni.

14. Baldvin Sigurðsson frá Garði í Aðaldal sagði sögu nr. 17 - *Um tilurð Ásbyrgis í viðtali í Tímanum* árið 1970, sbr. 6. lið að ofan. Hreiðar Karlsson fv. kaupfélagsstjóri á Húsavík las viðtalið og sagði Garðari Jakobssyni frá. Þaðan barst sagan í þennan sjóð. Snorri á Þverá var afabróðir Baldvins Sigurðssonar.

Baldvin nefnir reyndar til sögunnar Guðmund Bárðarson jarðfræðing, en Garðar aftur á móti Sigurð Þórarinsson jarðfræðing. Þá segir Baldvin Snorra hafa komið fram í Reykjahlíð "að því mig minnir þrem sólarhringum síðar, hittir bónda þar úti við og segir, áður en hann hefur heilsað eða farið af baki: "Það er meiri helvítis asninn þessi Þorvaldur Thoroddsen ...""

Sigrún Helgadóttir náttúrufræðingur skrifar sögu þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum fyrir Náttúruvernd ríkisins. Sagan kemur væntanlega út á bók árið 1998 undir heitinu *Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum - Saga, náttúra & verndun*. Sigrún fræddi undirritaðan á því að Þorvaldur Thoroddsen hafi vissulega álitid Ásbyrgi vera jarðfall sem sjórinn hafi eitt sinn leikið um. "Hann hefði átt að vita betur!" Upp úr 1950 gróf Sigurður Þórarinsson eftir öskulögum í Ásbyrgi og ofan við það. Hann komst að því að 2.900 ára gamalt öskulag vantar á báða staðina. Hann ályktaði að Jökulsá hefði hreinsað það burtu og að áin hafi því runnið niður í Ásbyrgi á þeim tíma. Hann nefnir ekki hvers vegna áin færðist í gljúfrin síðar (fyrir upb. 2.000 árum). - Stuttu seinna skrifar Pálmi Hannesson um jökulhlaup í Jökulsá, án þess að skýra það nánar.

Sigrún segir Hauk Tómasson jarðfræðing hafa skrifað grein um hamfarahlaupin árið 1973. Haukur hafði þá skoðað fyrirbæri sem líkist Ásbyrgi við Columbia ána í Washingtonfylki í norð-vestur Bandaríkjunum. Þar var honum sagt að þau gljúfur hefðu myndast í lok ísaldar í miklum vatnshlaupum. Haukur telur Jökulsárgljúfrin og Ásbyrgi hafa myndast fyrir 2.000-5.000 árum. Þá voru jöklar á Íslandi í lágmarki. Undir Bárðarbungu er dalur sem þá var auður, en nálægir skriðjöklar lokuðu af og til. Dalurinn fylltist því af vatni sem fékk reglulega útrás til norðurs og gróf Ásbyrgi af enn meiri krafti en þeim sem losnaði úr viðjum í Skaftárhlaupinu haustið 1996. Kenning Hauks er talin hin rétta í dag og flóðin sem mynduðu Ásbyrgi og Jökulsárgljúfrin eru nú nefnd hamfara-hlaup.

15. Söguna af viðureign Skafta og Jóns á Einarstöðum í *Örlítilli ættarsögu* sagði

Ásmundur Sverrir Pálsson.

16. Ýmsar heimildir í *Örlítilli ættarsögu* eru sóttar í bók Hallgríms Péturssonar frá Árhvammi sem *Laxdæli* heitir. Reykjavík, 1991.

17. Örlítill eftirmáli undirritaðs. Þótt hér hafi verið teknar saman nokkrar gamansögur um þá Þveræinga má hitt ekki gleymast að þeir áttu sér glæsta sögu sem héraðshöfðingjar. Skemmst er að minnast bókar Sveins Skorra Höskuldssonar um *Benedikt á Auðnum* sem kom út hjá Máli & menningu árið 1993. Bókin er feykn umfangsmikil samantekt um Benedikt, opinber störf hans, stjórn málaafskipti, kaupfélagið, bækur & menntir, og tóna & myndir. Hún lýsir einnig vel aðdraganda þess að Þingeyingar gerast frumkvöðlar á ýmsum sviðum þjóðfélagsmála um miðja nítjándu öld. - Einnig er til 11 síðna samantekt Sveins Skorra sem hann las upp á samkomu í Menningarmiðstöð Þingeyinga snemma árs 1996. Þar rekur Sveinn Skorri þá skoðun sína "að verk Benedikts hafi verið merkileg og skilið eftir sig spor á fjórum ólíkum sviðum sem þó voru öll samslungin þegar nær er gáð. Hugsanir hans, orð hans og verk höfðu á sínum tíma djúp áhrif í stjórn málum, verslunarmálum, bókmenningu og tónlistarmálum. Þessi ólíku viðfangsefni bjuggu í merkilegri einingu í hugsunum og störfum Benedikts af því að í rauninni lét hann í öllum athöfnum sínum stjórnast af einni tilfinningu; ást sinni á því sem hann taldi vera hið sanna, góða og fagra. ... Ef ég hef nokkurn tíma kynnst hugsjónamanni þá er það Benedikt á Auðnum. Hann lifði í hugsjónum og fyrir hugsjónir."

Til þess að lesandi fái ekki ranga mynd að Þveræingum ætti hann að kynna sér söguna; ekki síst ef hann rekur ætt sína til þeirra. Bók Sveins Skorra er langbest til þess fallin. Þá má benda á sögur og endurminningar Huldu, en formáli eftir Richard Beck sem áður er nefndur er forvitnilegur sem dæmi um góða skólagöngu. Þar kemur m.a. fram hversu vel þeir bræður voru menntaðir. Og ekki var menntun dætra Benedikts lakari, en dr. Beck nefnir til sögunnar fjölmarga kennara Huldu sem hver um sig var framarlega á sínu sviði. - Í bók Andrésar Kristjánssonar *Aldarsaga Kaupfélags Þingeyinga* segir einnig af Benedikt Jónssyni. Hún kom út á Húsavík árið 1982.

Vinsamlegast getið heimildar.

1. útg.
Reykjavík í sept. 1998
Örlítið lagfært 2006 og 2012

Már Viðar Másson ©
Næfurási 17
110 Reykjavík
S.: 567 3270